

Tillaga samninganefndar VR um boðun vinnustöðvunar

Samninganefnd VR samþykkir að láta fara fram almenna leynilega rafræna allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar sem hér segir:

Vinnustöðvunin nær til allra starfa hjá farþega- og hleðsluþjónustu Icelandair á Keflavíkurflugvelli sem unnin eru samkvæmt sérkjarasamningi Samtaka atvinnulífsins vegna Icelandair á Keflavíkurflugvelli og VR sem gildi frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur VR vegna endurnýjunar kjarasamnings þessa fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Vinnustöðvunin felur í sér að störf skuli lögð niður (verkfall) sem hér segir:

- Frá kl. 00:01 föstudaginn 22. mars 2024 til kl. 23:59 sunnudaginn 24. mars 2024.
- Frá kl. 00:01 miðvikudaginn 27. mars 2024 til kl. 23:59 fimmtudaginn 28. mars 2024.
- Frá kl. 00:01 sunnudaginn 31. mars 2024 til kl. kl. 23:59 þriðjudaginn 2. apríl 2024.
- Frá kl. 00:01 föstudaginn 5. apríl 2024 til kl. 23:59 þriðjudaginn 9. apríl 2024.
- Ótímabundin vinnustöðvun frá kl. 00:01 föstudaginn 12. apríl 2024.

Á kjörskrá vegna atkvæðagreiðslu um ofangreinda boðun vinnustöðvunar skulu vera þeir félagar sem boðunin tekur til, sbr. heimildarákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslu skal fara samkvæmt „Reglugerð um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ“ samþykkt með áorðnum breytingum á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 20. desember 2017.

Samninganefnd VR
Reykjavík, 5.3.2024